



Reykjavík, 27. ágúst 2024

USK24080111

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 14. ágúst 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins

Fulltrúi Flokks fólksins óskar skýringa á mistökum sem gerð voru á þaki leikskólans Brákaborgar en þar var lagt torfpak sem reyndist þyngra en reiknað var með og tilgreint var á teikningum og leiddi til þess að torfpakið varð eiginlega að mýri. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hver sé heildarkostnaður verkefnisins frá upphafi: niðurrif, byggingarframkvæmdir og til enda viðgerðar vegna mistakanna og hversu langt kostnaðurinn fór fram úr áætlun? Hvernig var eftirliti háttáð, úttekt á framkvæmdum og hvenær í ferlinu varð þessi vandi ljós?

Greinargerð fylgdi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins lýsti yfir áhyggjum sínum á þeim tíma sem hönnunartillagan var kynnt, áhyggjur sem lutu að gerð torfbaks. Flokkur fólksins lagði þá fram viðvörðunarbókun. Halda mætti að sérfræðingar á skipulags, hönnunar og arkitektasviði viti að vatn er þungt. Gera má ráð fyrir að að 10 mm úrkoma sem er ósköp venjuleg í Reykjavík séu 10 lítrar eða 10-kg á fermetra. Losna þarf fljótt við það vatn ef það er á þaki. Það gerist ekki á flötu þaki því að vatnið má ekki renna niður í bygginguna því má segja að með torfpakinu hafi verið mynduð mýri. Torfpök fyrr á öldum voru brott. Þá skildu menn að vatnið þyrfti að renna brott. Sú þekking kann að hafa glatast meðal hönnuða? Í ofanálag er það stór skrítið að svona hönnun hafi verið verðlaunuð. Hér er um alvarleg mistök að ræða sem kostar gríðarlegt fjármagn og mun koma illa við borgarsjóð og borgarbúa. Óþægindin koma einnig illa við börnin á Brákarborg og foreldra þeirra. Flytja þarf leikskólann í húsnæði í Ármúla. Málið er allt hið vandræðalegasta hvernig sem á það er litið og ber vott um dómgreindarleysi ráðamanna

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 21. ágúst 2024.

Svar:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 14. ágúst 2024, var lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds vegna fyrirspurnar fulltrúa



Reykjavík



Sjálfstæðisflokksins um verðlag við kaup á mannvirkjum á Kleppsvegi 150-152 og við byggingu leikskólans Brákarborgar. Þar kemur fram kostnaður við byggingu leikskólans.

Á fundi Borgarstjórnar 20. ágúst 2024 var eftirfarandi tillaga Borgarstjóra samþykkt:

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar að ráðast í heildarúttekt á ferlinu í kringum byggingu leikskólans Brákaborgar í ljósi mögulegra hönnunar- og eða framkvæmdagalla. Í því felst heildarúttekt á hönnun, framkvæmdum og eftirliti við framkvæmdir leikskólans. Einnig er óskað eftir því að Innri endurskoðun og ráðgjöf geri tillögur að umbótum í tengslum við ferlið.

Niðurstöður innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar munu veita svör við þessari fyrirspurn.

Virðingarfyllst,
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds



Reykjavík